



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts

## **Endurvakning fegurðar**

**Fegurð í meðför Sagmeister og Walsh**

Sóley Lee Tómasdóttir

**Lokaritgerð til BA-prófs**  
**Listaháskóli Íslands**  
**Hönnunar- og arkitektúrdeild**  
**Nóvember**



# **Endurvakning fegurðar:**

## **Fegurð í meðför Sagmeister og Walsh**

Sóley Tómasdóttir

Lokaritgerð til BA-prófs í grafískri hönnun

Leiðbeinandi: Marteinn Sindri Jónsson

Grafísk hönnun

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Nóvember 2019

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaritgerð til BA-prófs í Grafískri hönnun.  
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Útdráttur

Í aldanna rás hefur fegurðarhugtakið valdið heimspekingum og öðrum fræðimönnum miklum heilabrotum. Flestir telja sig vita hvað fegurð er en þegar kemur að því að útskýra hugtakið vandlega festast þeir gjarnan í þeirri spurningunni um hvort fegurð sé fólgin í auga sjáandans eða í viðfanginu sjálfu. Í þessari ritgerð verður fjallað um fegurð út frá rannsókn og skoðunum hönnunarteymsins Stefan Sagmeisters og Jessicu Walsh um hugtakið sjálft. Skoðanir þeirra verða síðan settar í samhengi við heimspekilega rannsókn Sigríðar Þorgeirsdóttur og Guðbjargar Jóhannesdóttur á fegurðarhugtakinu.

Hönnuðurnir Stefan Sagmeister og Jessica Walsh eru þeirrar skoðunar að fegurðin sé hlutlæg og geti því ekki verið einstaklingsbundin. Þetta sýna þau fram á í margmiðlunar sýningu sinni *Beauty*. Þar voru til sýnis fjölmörg dæmi úr heimi hönnunar sem þau telja að búi yfir einlægri fegurð. Ásamt sýningunni var gefin út bók sem segir frá ítarlegri rannsókn þeirra á fegurðarhugtakinu. Þar kemur fram að fegurð hafi horfið af sjónarsviði listgreina og hönnunar með tilkomu módernismans á tuttugustu öldinni. Telja þau Sagmeister og Walsh að þetta hafi haft í för með sér afar neikvæð áhrif á samtímann okkar í dag.

Heimspekingarnir þær Guðbjörg Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir eru að mörgu leyti sammála Sagmeister og Walsh en rannsaka aftur á móti fegurðarupplifunina sem tengslahugtak í fyrirbærafræðilegum og feminískum skilningi. Þær kafa dýpra í mikilvægi fegurðar og skoða mun ítarlegra uppruna þess er fegurð varð lítillækkuð á sviði heimspekinga.


Í eigin niðurstöðu varð mér ljóst að endurskilgreina þurfi fegurðarhugtakið svo að lögd verði meiri áhersla á fegurðarupplifunina sjálfa ásamt þeirri gífurlegri fjölbreytni sem í henni býr.

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>1. Sagmeister og Walsh: fegurð er ekki í auga sjáandans</b> .....	<b>4</b>
<i>Clovis Oddurinn</i> .....	4
<i>Að þekkja og skynja fegurð</i> .....	5
<i>Fegurð sem umbreytir</i> .....	10
<b>2. Gagnrýni Sagmeisters á módernismann</b> .....	<b>11</b>
<i>Adolf Loos</i> .....	12
<i>Neikvæð áhrif módernismans</i> .....	13
<b>3. Fegurð út frá feminískum kenningum og fyrirbærafræði</b> .....	<b>14</b>
<i>Fegurð og hið háleita</i> .....	15
<i>Fegurð í auga sjáandans á hlutlæga fegurð</i> .....	16
<i>Fegurðarhugtakið í verufræðilegum skilningi</i> .....	18
<b>Lokaorð</b> .....	<b>19</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>20</b>
<b>Myndaskrá</b> .....	<b>21</b>

## Inngangur

Í október 2018 var ég í skiptinámi í Búdapest og því stutt fyrir mig að fara yfir til Vínarborgar. Ég var svo heppin að þar hafði nýverið opnuð sýning í MAK safninu sem nefnist *Beauty* og var undir sýningarstjórn austurríska hönnuðarins Stefans Sagmeister og bandaríska hönnuðarins Jessicu Walsh sem reka saman vinnustofuna Sagmeister og Walsh í New York.<sup>1</sup> Markmið sýningarinnar var að sýna almenningi hverju þau hafa komist að eftir að hafa lengi rannsakað fegurð sem hugtak og hvernig þau geti nýtt fegurð með hagnýtum hætti í eigin hönnun.<sup>2</sup>



Mynd 1: Plakat eftir Stefan Sagmeister fyrirlestur sinn í Cranbrook háskólanum

Ég hafði lengi fylgst með Sagmeister og heillaðist af því hversu gjarn hann var á að brjóta reglurnar og ögra samfélaginu. Þá má helst nefna umdeilt plakat sem hann hannaði fyrir fyrirlestur sinn í Cranbrook háskólanum. Hann bað einn af starfsnemum sínum að skera, með skurðarhníf, upplýsingar plakatsins á efri part líkama síns. Tekin var síðan ljósmynd af sem höfð var á plakatinu.<sup>3</sup>

Á sýningunni notuðu Stefan og Jessica marga ólíka miðla til þess að leiða áhorfandanum mikilvægi fegurðarinnar fyrir sjónir. Fram komu sýnishorn úr grafískri hönnun, vöruhönnun, arkitektúr og borgarskipulagi en sýningin samanstóð af sjötíu ólíkum innsetningum af eigin verkum

og annarra sem teygja sig allt frá myndbandsverkum yfir í uppstoppaðan páfugl.<sup>4</sup>

Innsetningunum var síðan skipt upp í sex sýningarsvæði inn í MAK safninu og hafði sitt þema: „Hvað er fegurð?“, „Saga fegurðar“, „Í auga sjáandans“, „Að upplifa fegurð“,

1 „About,“ Stefan Sagmeister og Jessica Walsh, sótt 10. Nóvember 2019, <https://sagmeisterwalsh.com/about>.

2 Stefan Sagmeister og Jessica Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty* (London: Phaidon, 2018), 12.

3 „Stefan Sagmeister. AIGA Detroit. 1999,“ MoMA safnið, sótt 10. Nóvember 2019, <https://www.moma.org/collection/works/102915>.

4 „Sagmeisterwalsh.com.“

„Fegurð sem umbreytir“ og „Fegurðarsafnið“. Gefin var út bók samhliða sýningunni þar sem þessi þemu mynda ólíka kafla.<sup>5</sup>

Í þessari ritgerð rannsaka ég ákveðna þætti í sýningu Sagmeister og Walsh sem ég tel varpa ljósi á hugmyndir þeirra um fegurð. Þau telja að fegurð sé afurð þess sem vel er gert og byggja þau skoðun sína á eigin reynslu. Þegar þau lögðu meiri vinnu, umhyggju, ást og meðvitund í hönnun sína þá varð hún fallegri og þar af leiðandi virkaði hún betur hvað varðar þeirra eigin viðskiptavinum og neytendum þeirra. Það er þess vegna sem þau telja að fegurð sé virkinn í góðri hönnun.<sup>6</sup> Í fyrsta kafla mun ég aðallega fjalla um skilgreiningu Stefan og Jessicu á fegurð. Þau hafna þeirri hugmynd að fegurðin búi í auga sjáandans og telja þau hana vera mælanlega. Samkvæmt þeim var fegurðinni kastað á glæ í listum, hönnun og arkitektúr á tuttugustu öld.<sup>7</sup> Stefan og Jessica telja þetta vera afleiðingar af tilkomu móðernismans og eru þær breytingar þeim hugleiknar.

Gagnrýni Sagmeister og Walsh á stöðu fegurðar á tuttugustu öld er mikilvægur þáttur í fegurðarskilningi þeirra. Í öðrum kafla ritgerðarinnar mun ég rýna betur í þessa gagnrýni með hliðsjón af gagnrýni Stefans Sagmeister á Adolf Loos sem hann telur eiga stóran hlut að máli í því að fegurð hafi nánast horfið af sjónarsviðinu í listum og hönnun á tuttugustu öld. Loos þessi var austurrískur arkitekt sem hafði mikil áhrif á þróun móðernisma í hönnun og arkitektúr, meðal annars Bauhaus skólann og arkitekta á borð við Le Corbusier og Mies van der Rohe.<sup>8</sup>

Loks í þriðja kafla ritgerðarinnar reyni ég að kryfja fegurðarhugtakið frekar með aðstoð Sigríðar Þorgeirsdóttur og Guðbjargar Jóhannesdóttur sem skrifað hafa um efnið. Líkt og Sagmeister og Walsh eru þær á þeirri skoðun að fegurð hafi verið lítillækkuð í byrjun tuttugustu aldarinnar en þeirra skýring er út frá sjónarhorni femínisma. Einnig taka þær undir með Sagmeister og Walsh að fegurðin búi ekki í auga sjáandans. Þær hafna því enn fremur að fegurð sé hlutlægt fyrirbæri.<sup>9</sup> Sú skoðun skapar ákveðin vandræði fyrir Sagmeister og Walsh sem vísa gjarnan til algildra lögmála um fegurð og gera ýmsar tilraunir til að mæla hana. Fyrst um sinn gerði ég mér litla grein fyrir því hver hugmyndafræðin var á bakvið *Beauty* sýninguna en eftir að hafa skoðað, hlustað, og

<sup>5</sup> „Sagmeister & Walsh: Beauty,“ Spikeartmagazine.com. Sótt 6. nóvember 2019, <https://www.spikeartmagazine.com/en/articles/sagmeister-walsh-beauty>.

<sup>6</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 12.

<sup>7</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 9.

<sup>8</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 50.

<sup>9</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, „Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar,“ *Hugur* 23. árgangur, 1. tölublað (2011: 90).



upplifað sýninguna í heild, varð mér ljóst að þetta málefni er undirliggjandi vandamál í vestrænu samfélagi og þá sérstaklega í nýsköpun íslenskra bygginga. Á sýningunni og í bókinni erum við minnt á að við erum skynverur og því stöðugt að meðtaka umhverfið okkar í gegnum lykt, sjón og heyrn. Frá því að ég var unglingur hefur mér alltaf fundist umhverfi mitt á höfuðborgarsvæði Reykjavíkur skorta örvun og fjölbreytileika. Hönnuðir búa til umhverfi mannsins og hafa því mikil áhrif á lífsgæði hans. Sumir hönnuðir kjósa að gera það vel og aðrir ekki. Það er þess virði að eyða góðum tíma í að gera það vel þar sem ég tel að fegurð hafi áhrif á hvernig okkur líður og hvernig við högum okkur í daglegu lífi.

## 1. Sagmeister & Walsh: Fegurð er ekki í auga sjáandans

Stefan Sagmeister og Jessica Walsh skoða sem fyrr segir spurninguna um hvort fegurð sé hlutlæg eða huglæg. Er það undir hverjum og einum einstakling komið að ákveða hvort viðfang sé fallett eða ekki eða er viðfangið í eðli sínu fallett?<sup>10</sup> Þau skoða skrif heimspekinga eins og Plató en hann sagði að heimurinn yrði fallett jafnvel þótt engin lifandi vera væri til staðar til að verða hans vitni og þess vegna hljóti heimurinn að vera í eðli sínu fallett. Með þessu sjónarmiði vill Plató meina að fegurð sé ekki undir einstaklingnum komin heldur liggur hún í viðfanginu sjálfu þ.e.a.s. hlutlæg. Plató hélt því einnig fram að fegurð jafngildi sannleika. Stefan og Jessica segja að ýmsir fræðimenn höfðu seinna meir farið til móts við kenningar Platós. Á meðal þeirra var skoski heimspekingurinn David Hume sem fer gegn skoðunum Sagmeister og Walsh með því að segja að fegurð búi í okkar eigin vitund.<sup>11</sup>

Stefan og Jessica eru þeirrar skoðunar að öll hafi við almennan skilning á fegurð. Þeir sem eru andsnúnir því að fegurð sé aðalmarkmiðið í hönnun, hafa gjarnan rökstutt það með því að segja að fegurð sé í auga sjáandans. Það kemur ansi skýrt fram að Stefan og Jessica eru ósammála hugtakinu eins og við þekkjum það í dag en orðalagið „í auga sjáandans“ kom fyrst fram árið 1878 í skáldsögunni *Molly Bawn* eftir Margaret Wolfe Hungerford. Þau rökstyðja þetta með því að segja að það sem fram kemur í skáldsögum sé skáldskapur og hafi því enga raunverulega þýðingu. Hér er fremur strangt til orða tekið þar sem hugmyndin sjálf um að fegurð sé í auga sjáandans hefur verið hefur verið útskýrð á marga

<sup>10</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*,118

<sup>11</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*,14

vegu eins langt aftur og til tíma forngrikkja.<sup>12</sup>

### 1.1. Clovis Oddurinn

Á sýningarsvæðinu “Saga fegurðar” eru margskonar dæmi um fegurð til sýnis frá öllum tímabilum mannkynssögunnar. Bæði á sýningunni og í bókinni er athygli okkar beind að 13,000 ára gömlu vopni, hinum svokallaða Clovis oddi. Vopnið er samhverft og Stefan og Jessica furða sig á þessu þar sem fólk á þeim tíma hefði auðveldlega getað flegið dýrin sín með ósamhverfum vopnum. Hvað fékk fólk til að hanna vopnin í þessum stíl? Heimspekingurinn Denis Dutton trúir því að vopnin hafi verið gerð



Mynd 2: Clovis oddar frá norður-Ameríku

út frá fagurfræðilegum ástæðum vegna þess að hlutfall, samhverfing og samræmi séu einhverskonar algildir mælikvarðar á fegurð sem hafi einnig verið í hávegum hafðir löngu fyrir okkar tímatal.<sup>13</sup> Ljóst er að markmiðið með þessu dæmi sé að ítreka að fegurðarþrá og hæfni okkar til að vera skapandi sé innbyggð í okkur. Stefan og Jessica eru sannfærð um að ástæðan á baki samhverfingu Clovis oddsins hafi verið fegurð. Geta hins vegar allir verið sammála því í dag að samhverfing jafngildi fegurð?

### 1.2. Að þekkja og skynja fegurð

Ég hef sjálf reynslu af störfum á sjúkra- og elliheimili og þá greip það sérstaklega athygli mína þegar Sagmeister og Walsh segja frá könnun þýska sálfræðingsins Helmut Leder á Alzheimers sjúklingum. Hann fór reglulega með tveggja vikna millibili til sömu Alzheimers sjúklinganna og í hvert skipti sýndi hann þeim sömu myndirnar. Hann bað sjúklingana um að raða myndunum upp í röð frá þeim sem þeim þóttu minnst fallegastar og yfir í þær sem þeim þóttu fallegastar. Í hvert einasta skipti röðuðu sjúklingarnir myndunum upp í sömu röð jafnvel þótt þeir myndu ekkert eftir þeim. Í niðurstöðu Dr. Leder segir hann að heilinn kannist alltaf við fegurð sama hversu skaddaður hann er.<sup>15</sup> Með

<sup>12</sup> „The meaning and origin of the expression: Beauty is in the eye of the beholder,“ Gary Martin, sótt 10. nóvember 2019, <https://www.phrases.org.uk/meanings/beauty-is-in-the-eye-of-the-beholder.html>.


<sup>13</sup> Stefan Sagmeister, „Beauty vs. utility“ (fyrirlestur, INK2012, Pune, Indlandi, 11-14 október 2012).

<sup>14</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 36

<sup>15</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 23-24

Þessari frásögn vilja Sagmeister og Walsh ef til vill leggja áherslu á hve mikilvægt það er að örva þessa sterku skynjun ef hún er eitt af því fáa sem heilinn þekkir eftir minnstap.

Miðpunktur sýningarinnar er hið svokallaða Skynjunarrými (e. *Sensory Room*) þar sem öll skilningarvitin eru róuð niður og örvuð á sama tíma. Stór hvítur kassi skreyttur Swarovski kristöllum, býður sýningargestum inn í tómmt, þokukennt herbergi sem skiptir um liti sólarlagsins. Sítrus ilmur fyllir herbergið á meðan hljóð malasísks trjáfrosks ómar hljóðlega í bakgrunni.<sup>16</sup>



Mynd 3: Skynjunarrýmið að utan.



Mynd 4: Innan skynjunarrýmsins

Vissulega má líta á notkun Stefans og Jessicu á dýrum Swarovski kristöllum með fremur tvíbentum hætti þar sem kristallar eru oft tengdir við auð og ríkidæmi. Þetta gæti fengið sýningargesti til þess að halda að fegurð upplifi aðeins þeir sem eru ríkir og af hærri stéttum komnir. Hins vegar taka þau skýrt fram að herbergið hafi verið sett upp í samstarfi við

Swarovski því annars hefðu þau ekki getað fjárfest í kristöllum.<sup>17</sup> Þessar upplýsingar geta þó auðveldlega farið framhjá sumum. Í ljósi þess að þau telja fegurð vera, meðal annars, eitthvað sem vel er gert, þá má líta þannig á að kristallarnir fallist einfaldlega undir þann flokk. Ég tel þó að kristalarnir hafi verið algjört aukaatriði þar sem fólk man aðallega eftir þeirri upplifun sem fram fór inn í sjálfu herberginu.

Annað herbergi sem vakti athygli á sýningunni var Litaherbergið (e. *The Color Room*) sem þakið var með köflóttu munstri í bleikum og bláum lit. Með nokkurra sekúndna millibili var herbergið síðan lýst með sérstöku ljósi sem gerði það að verkum að ákveðin

<sup>16</sup> „Spike Art Magazine,“

<sup>17</sup> „Spike Art Magazine,“

litbrigði virtust grá og við það gjörbreyttist herbergið. Hér er reynt að sýna fram á að litadýrð sé almennt talin fallegri en einsleitni.<sup>18</sup>



Mynd 6: Litaherbergið þakið köflóttu munstri



Mynd 5: Litaherbergið einlitt

### 1.3. Fegurð sem virkni

Sagmeister og Walsh vísa til þeirrar skoðunar franska rithöfundarins Theophile Gautier að virkni gæti ekki verið falleg heldur myndi hún draga fegurðina niður í holræsið.<sup>19</sup>

Sagmeister og Walsh eru hins vegar á allt öðru máli en eins og áður kom fram telja þau að fegurð sé virknin í góðri hönnun.

Í þessum kafla bókarinnar ítreka Stefan og Jessica að þegar nútímahönnuðir og hönnunarstúdíó lýsa markmiðum sínum, leggi þau áherslu á að búa til upplifun, leysa vandamál og segja sögur en þau sleppa því hins vegar að nefna fegurð. Með þetta í huga vilja Stefan og Jessica sýna okkur, bæði á sýningunni sjálfri og í bókinni, öryggisleiðbeiningar úr flugvélum sem þau hafa sjálf safnað í gegnum árin. Þau sáu farþegana aldrei taka þessa bæklinga upp úr hólfum sínum og þess vegna hafa þessar einföldu táknmyndir, sem hafa þann tilgang að útskýra öryggisatriði vélarinnar, enga virkni jafnvel þótt það sé þeirra eini tilgangur. Á sýningunni sjálfri, við hliðina á bæklingunum, rúllar myndband frá flugfélagi sem notar skjái í flugvélunum til þess að miðla öryggisleiðbeiningum sínum. Í myndbandinu útskýra leikarar öryggisatriðin á sama tíma og þeir syngja og dansa.<sup>20</sup> Þetta hef ég sjálf séð flugfélög gera eins og t.d. Iceland Air, British Airlines og Swiss Airlines og get ég svo sannarlega tekið undir þetta með þeim. Ég mundi mun frekar eftir hressilegu útskýringarmyndböndunum og fann einnig fyrir meiri rós eftir að myndbandið spilaðist. Þó finnst mér erfitt að tengja kaldhæðni og kímni áföndu við

<sup>18</sup> „Spike Art Magazine,“

<sup>19</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 41

<sup>20</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 98-100

fegurð en það var einmitt ríkjandi þema í tónlistinni og dansinum í myndbandinu. Samkvæmt Stefan og Jessicu, aftur á móti, er hér viðfang sem greinilega hefur verið lögð mikil vinna og umhyggja í. Þess vegna vilja þau lýsa myndbandsverkinu sem fögru óháð skoðunum hvers og eins einstaklings því þau telja fegurðina liggja í viðfangi þess sem vel er gert.

Þegar talað er um fallegar pakkningar í bókinni, vísa þau aftur í þýska sálfræðinginn Helmut Leder. Hann grunar að til þess að varðveita þá miklu orku sem heilinn þarfnast á meðan á ákvarðanatökum stendur, noti hann fegurð sem flýtleið til þess að taka ákvarðanir hraðar. Það myndi því hver sem er búast við því að hönnuðir settu fegurð í forgangi þegar kæmi að hönnun matvöruumbúða en Stefan finnst bandarískar matvöropakkningar ekkert sérstakar. Hann segir að þær gefi oft til kynna ferskleika en ekki endilega á fallegan hátt. Í framhaldi af þessu er sýnd könnun sem fór fram á Instagram síðu Sagmeister og Walsh vinnustofunnar. Þar er valið á milli sex mismunandi þvottaefnispakkninga og þau sem fengu flest atkvæði voru Ariel Auto og Tide Plus. Vert er að benda á að þessar tvær pakkningar birtu fæstu litina af öllum sex pakkningum sem kann að fara gegn því að litadýrð hafi oftast vinninginn í fegurð.<sup>21</sup>



Mynd 7: Tide Plus fékk 2,716 atkvæði af 6,321 atkvæðum



Mynd 8: OMO Multi active fékk 81 atkvæði af 6,321 atkvæðum



Mynd 9: Mr. White fékk 119 atkvæði af 6,321 atkvæðum



Mynd 11: Surf excel fékk 71 atkvæði af 6,321 atkvæðum



Mynd 12: Ariel auto fékk 2,636 atkvæði af 6,321 atkvæðum



Mynd 10: Skip fékk 698 atkvæði af 6,321 atkvæðum

21 Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 100-103

Gegnumgangandi leiðarstef í allri sýningunni eru kannanir þar sem sýningargestir fá að kjósa um hvaða hlutur þeim þykir fallegastur. Gestirnir kjósa með því að setja pappírsmýntur, sem festar voru við inngöngumiðann þeirra, inn í viðeigandi hólf sem staðsett er fyrir neðan hlutinn sem þeir vilja kjósa. Fyrir aftan kosningarbásinn er síðan gler þannig að gestir fá að sjá hvaða hlutur fær flestar mynturnar/atkvæðin.<sup>22</sup> Áður en sýningin var opnuð tóku Stefan og Jessica þessar sömu kannanir á Instagramsíðunni og birtu síðan niðurstöðurnar í bókinni. Fylgjendum þeirra þótti meðal annars að brúnn væri minnst fallegi liturinn,<sup>23</sup> að hringurinn sé fallegri form en kassinn,<sup>24</sup> að svissneska vegabréfið sé fallegri en það bandaríska<sup>25</sup> og að evran sé fallegasti seðillinn.<sup>26</sup> Með þessum niðurstöðum telja þau sig hafa sýnt fram á alþjóðlega samstöðu og að þess vegna geti fegurð ekki verið einstaklingsbundin.

Þessar kannanir tel ég vera gríðarlega takmarkaðar. Sagmeister & Walsh eru með ákveðin hóp fylgjenda sem ef til vill vinna við, læra eða hefur sérstakan áhuga á hönnun. Ef íslenskir múrarar tækju þessar kannanir yrðu svörin eflaust öðruvísi. Þess vegna er erfitt að fá sannfærandi niðurstöðu úr þessum könnunum þar sem þær miða einungis að mjög svo takmörkuðum hópi fólks.

Umræða Sagmeisters um útlit á bandarískum pakkningum er algjörlega lituð af hans eigin persónulegu skoðun um hvað hann telur vera fallegt og hvað ekki. Sjálfur hefur hann lengi búið í Bandaríkjunum og hefur þá ef til vill fengið leið á þeim pakkningum sem hann sér daglega í bandarískum matvörubúðum. Hann segir frá dvöl sinni í Japan og að þar hafi nánast allar pakkningarnar verið fallegar og þar af leiðandi haft góð áhrif á skap hans sem varð til að hann keypti of mikið af skærum og litríkum nammipökkum.<sup>27</sup> Hvernig getum við verið viss um að þetta framandi og útópíska umhverfi sem Tokyo er, hafi ekki haft áhrif á sjónarhorn hans og skoðanir. Sjálf get ég tengt við þá tilfinningu að finnast hlutir sem eru nýjir, framandi og spennandi, fallegri en það sem mér þykir hversdagslegt. Ég minnst þess að á mínum yngri árum tók ég íslenskri náttúrudýrð sem gefnum hlut og kunni ekki að meta umhverfið mitt eins mikið og ferðamennirnir sem komu til landsins.

22., „Spike Art Magazine,“

23 Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 119-120

24 Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 123-124

25 Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 147-148

26 Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 145-146

27 Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 103



#### 1.4. Fegurð sem umbreytir

Hér er sýnt fram á hvernig fegurð getur breytt hegðun okkar allt frá hvernig okkur líður og til þess í hverju við fjárfestum. Nokkur dæmi eru tekin þar sem sýndar eru jákvæðar afleiðingar þess að umbreyta vanræktu svæði með fallegum hætti. Sagt er frá hvernig Sagmeister & Walsh vinnustofan breytti undirgöngum í Brooklyn til hins betra en áður fyrir átti drukkið fólk það til að míga í undirgöngin á leið heim frá bar í nágrenninu. Málað var afar litríkt *yes* á annan vegginn í undirgöngunum og svo annað grafískt, svart og hvítt *yes* á hinn. Eftir þetta vildi svo skemmtilega til að nýgift pör byrjuðu að nota veggina sem bakgrunn fyrir brúðkaups-myndatökurnar sínar. Sagmeister & Walsh vilja meina að þau hafi breytt undirgöngunum úr klósetti yfir í kapellu.<sup>28</sup>



Mynd 14: Brúðkaupsmyndataka fyrir framan litríku veggmyndina



Mynd 13: Sama myndataka með svarthvítu veggmyndina í bakgrunni

Annað dæmi um þetta var þegar bæjarskipuleggjendurnir Robert Hammond og Joshua David breyttu yfirgefnum lestarteinum í New York, sem eitt sinn fluttu varning frá Brooklyn yfir í Manhattan, í almennings útisvæði. Í staðinn fyrir lestarteina er þar núna gangvegur umkringdur gróðri. Fasteignir á svæðinu urðu eftirsóttari, glæpatíðni fór niður og ný viðskipti og framkvæmdir mynduðust í nágrenninu.<sup>29</sup> Seinasta dæmið er síðan þegar Edi Rama, borgarstjóri Tirana í Albaníu, kom með þá hugmynd að mála gráleitar byggingar borgarinnar með litríkum hætti ásamt því að planta niður þúsundum trjáa í borginni. Þetta leiddi af sér lægri glæpatíðni og skattgreiðslur hækkuðu þar sem íbúar trúðu því að ríkisstjórnin væri nú loksins að gera eitthvað í málunum.<sup>30</sup>

Vissulega getur hver og einn einstaklingur deilt um það hvort dæmin hér að ofan séu falleg eða ekki. Það sem þessi verkefni hafa þó gert er að ýta undir fjölbreytni í umhverfinu með litadýrð og snyrtilegu útisvæði. Þessu fólki tókst að skapa jákvæða breytingu með því að sýna yfirgefnum svæðum ást og umhyggju en það er einmitt það sem Sagmeister og Walsh vilja meðal annars skilgreina sem fegurð.

<sup>28</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*,152

<sup>29</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*,158-159

<sup>30</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*,164

Margir hafa talið mér trú um að hamingja og vellíðan byggist á réttu viðhorfi óháð umhverfinu í kringum þig. Alla tíð hef ég haldið að fólk þurfi einfaldlega að gera gott úr því sem maður það hefur í höndunum. Mér fannst ég ekki eiga rétt á því að vera með fortíðarþrá og löngun í fjölbreyttari og litríkara umhverfi því það var álitid sem lúxusvandamál. Það var því huggandi og afar áhugavert að skoða þær kenningar og rannsóknir sem sýnt hafa fram á að umhverfið hafi svo sannarlega áhrif á líðan fólks. Ásamt því að opna augu almennings fyrir þessu var aðal markmið sýningarinnar einnig að endurvekja fegurðarhugtakið og mikilvægi þess eftir að því var vikið til hliðar með tilkomu módernismans.

## 2. Gagnrýni Sagmeisters á módernismann

Nú skulum við snúa okkur að gagnrýni Stefans Sagmeisters á módernisma og þeirri sögusýn hans að á tuttugustu öld hafi hagnýting komið í stað fegurðar í hönnun og arkitektúr. Sagmeister telur að hugmyndir frumkvöðla í módernismanum hafi verið misskildar sem hagkvæmur fúnktionalismi og voru þar af leiðandi ofnotaðar í byggingum samtímans með fjárhagssparnað efst í huga.<sup>31</sup>

Sagmeister segir að fegurð hafi eitt sinn verið hæsta fagurfræðilega afrekið í listgreinum en að nú sé hún dottin úr tísku og þar af leiðandi vilja margir nútímahönnuðir forðast það að vera tengdir við fegurð og skraut þar sem þeir telja sig vera yfir það hafnir. Sagmeister vill þó ítreka að, í réttum höndum, getur módernisminn verið einstaklega fallegur. Takmörk hans hafa þó orðið ýktari með tímanum og í dag er varla hægt að sjá neinn persónuleika eða tilfinningar í módernískum byggingum og verkum.<sup>32</sup> Sagmeister talar um að fegurð hafi tapað gildi sínu seinustu öld og um það kennir hann Adolf Loos sérstaklega.

### 2.1. Adolf Loos

Adolf Loos var austurrískur arkitekt sem hafði gríðarleg áhrif á evrópskan arkitektúr á seinnipart 19. aldar. Ritgerðin Skreytingar og glæpur (*e. Ornament and Crime*) sem kom út árið 1919, var hans helsta og umdeildasta ritverk sem mótaði frumkvöðla í módernismanum eins og Le Corbusier, Mies van der Rohe og Bauhaus skólann.<sup>33</sup> Það má

<sup>31</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 62

<sup>32</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 9

<sup>33</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 50



segja að Loos láti allt flakka og haldi ekkert aftur að sér hvað varðar sterkar skoðanir á skreytingum. Í ritinu telur hann nútímamanninn ekki þurfa á skreytingum að halda heldur, þvert á móti, fyrirlíti hann þær. Hann telur það vera glæp að neyða vinnandi iðnaðarmenn í að setja skreytingar á viðfangið sem þeir skapa. Þeim mönnum er ekki launað nógu vel og því séu skreytingar sóun á mannafla, peningum og efnivið. Það fólk sem ekki var hlynt skoðunum hans, taldi hann hægja á þróun menningar í samfélaginu. Fólk átti að hugsa lengra en um skreytingar og glingur og fagna látlausum, óskreyttum einfaldleikanum því þá myndi vinnutími stytast og launin hækka.<sup>34</sup> Mannfólkið átti að skilja þá staðreynd að skreytingar veita okkur ekki lengur ánægju og að loksins þyrftum við ekki lengur að ganga um klædd eins og apar í rauðar flauels buxur með gyllta slaufu.<sup>35</sup> Fyrir Loos áttu nútímaskreytingar enga foreldra, börn, fortíð eða framtíð.<sup>36</sup> Með því á hann við að skreytingar nútímans séu svo fráleitar að í raun ætti og gæti ekkert orðið af þeim.

Sagmeister segir frá því að Loos hafi alist upp í kringum mjög svo fjölbreyttan byggingarstíl Austurríkismanna. Þeir fengu mikinn innblástur hvaðan af úr heiminum og einnig sóttu þeir innblástur frá tímum forngríkkja, endurreisnar, barokks o.fl. Þetta fannst Loos óbærilegt og Austurríkismönnum til skammar. Uppeldisumhverfi hans kann að skýra afhverju Loos fann sig knúinn til að upphefja minimalískan, fúnktionalisman og móðernískan byggingarstíl.<sup>37</sup>

## 2.2. Neikvæð áhrif móðernismans

Sagmeister talar um hvernig hugmyndir Loos teygðu sig um allan heim og brátt mátti sjá



Mynd 15: Líkan af breytingu borgarstrúktúr Parísar sem Le Corbusier lagði til

minimalískar blokkir rísa upp í öllum stórborgum heimsins. Í þessu samhengi má segja frá umdeildri áætlun Le Corbusier um að gjörbreyta borgaskipulagi og byggingarháttum Parísarborgar. Helst vildi hann rífa niður þær gömlu byggingar sem stóðu uppi og skipta þeim út fyrir háar, brútalískar blokkarraðir og koma flugvællinum fyrir í miðju borgarinnar. Allt fyrir sakir

<sup>34</sup> Adolf Loos/Adolf Opel, *Ornament and Crime: Selected essays*, ritstj. Adolf Opel, 37 bindi (California: Ariadne Press, 1988), 170-173

<sup>35</sup> Loos/Opel, *Ornament and Crime: Selected essays*, 168

<sup>36</sup> Loos/Opel, *Ornament and Crime: Selected essays*, 170-173

<sup>37</sup> Stefan Sagmeister, „Why beauty matters“ (fyrirlestur, Museo Tamayo, Mexíkóborg, nóvember 2016).

fúntionalismans.<sup>38</sup> Áhugavert hefði verið að sjá hvernig íbúar Parísar hefðu aðlagast yfirgnæfandi flugvélahávaðanum í gegnum daginn endilangan. Borgarlíf Parísar væri, að öllum líkindum, ekki eins og það er í dag.

Hugmyndir af þessu tagi urðu þó sumar að veruleika. Í kringum 1960 hönnuðu Sovétríkin sérstakt byggingarkerfi, þekkt sem „Khrushchyovkas“, með blokkum sem gátu hýst meira en 1.5 milljónir manna. Þetta kerfi átti að verða töfralausn fyrir húsnæðisvandann sem ríkti víða eftir seinni heimsstyrjöldina. Kerfinu var dreift út um allan heim og íbúar blokkanna gerðu sitt besta til að reyna að skreyta og glæða híbýli sín einhverju lífi en eftir skamman tíma fór glæpatíðnin í hverfunum hækkandi. Íbúarnir gáfust hreinlega upp og 10-15 árum síðar voru flestar blokkirnar tómar sem leiddi til þess að stjórnvöld þurftu að rífa þær niður.<sup>39</sup>

Sagmeister telur að Adolf Loos, Mies van der Rohe og Le Corbusier hafi mótað heiminn eins og hann er í dag. En af hverju höfðu þeir þessi gríðarlegu áhrif? Endurbyggja þurfti heilu borgirnar eftir eyðileggingu seinni heimstyrjaldarinnar og því skiljanlegt að menn horfðu til fúntionalismans. Móðernisminn varð að alþjóðlegum stíl þar sem ferhyrningurinn var svarið við öllu en það sem átti upprunalega að vera móðernísk virkni varð hins vegar að einskærri efnahagslegri virkni um 1950.<sup>40</sup>

Sagmeister ítrekar að samfélagið hafði einblínt mikið á fegurð á nítjándu öld. Það var orðið þreytandi og í byrjun tuttugustu aldarinnar kynnti Marcel Duchamp klósettsetuna frægu fyrir heiminum og með henni lýsti hann yfir tómri fagurfræði þar sem listin og fegurðin fólst einungis í hugmyndafræðinni.<sup>41</sup> Eftir það var fegurðinni ýtt til hliðar og tókst með þryði að halda henni í skefjun í ákveðinn tíma. Sagmeister telur skiljanlegt að fólk hafi þróað breytingu eftir að fegurð hafði verið megin áherslan í listum í gegnum sögu mannkynsins. Hann vill meina að sú róttæka breyting sem móðernisminn hafði í för með sér sýni okkur að fólk fær leið á því þegar einn ákveðin stíll er ríkjandi í umhverfi okkar.<sup>42</sup>

Á sýningunni og í bókinni taka Sagmeister og Walsh dæmi sem sýna hvernig einsleitni og móðernismi hafa haft áhrif á umhverfi okkar í dag. Þau segja að allir flugvellir í dag séu eins í útliti og því erfitt að tilgreina til hvaða stórborg þú ert kominn þrátt fyrir gífurlegan menningarmun. Sama á við um neðanjarðarlestarstöðvarnar í München,

<sup>38</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 57

<sup>39</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 62-64

<sup>40</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 164-168

<sup>41</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 57

<sup>42</sup> Sagmeister, Stefan. „Why beauty matters“ (fyrirlestur, Museo Tamayo, Mexíkóborg, nóvember 2016).

Þýskalandi. Allar líta þær eins út og eina leiðin fyrir utanaðkomandi aðila til að vita hvar hann er niðurkominn, er að leita að litlu skilti sem segir til um það. Í Moskvu, Rússlandi, er hins vegar hver stöð frábrugðin annarri og ferðamenn gera sér það að dagsferð, að stoppa á hverri einustu stöð til þess að taka myndir af stórbrotinni byggingarlistinni sem blasir við þeim.<sup>43</sup>



Mynd 16: Núverandi neðanjarðarlestarstöð í München



Mynd 17: Núverandi neðanjarðarlestarstöð í Moskvu

### 3. Fegurð út frá feminískum kenningum og fyrirbærafræði

Ásamt því að fegurð var gert lægra undir höfði á tuttugustu öldinni var fegurðarhugtakið einnig gildislækkað á fagurfræðilegu sviði heimspekinga á sama tíma. Þetta segja þær Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir í ritgerð sinni sem nefnist „Endurheimt fegurðar á tímum náttúrunnar.“<sup>44</sup> Hér í þessum kafla er að vísu ekki verið að einblína á náttúrefegurð en umfjöllun þeirra Guðbjargar og Sigríðar um fegurðarhugtakið er afskaplega gagnleg og því mun ég styðjast við hana hér.

#### 3.1. Fegurð og hið háleita

Rótgróna smánun fegurðar má rekja aftur til sautjándu aldar þar sem tenging hennar við kvennleika kristallaðist í fagurfræðilegum kenningum Emanuel Kants um fegurð og hið háleita. Þessar kenningar þössuðu fullkomlega við tvíhyggju hins vestræna heims en Kant hélt því fram að fegurð og hið háleita væru aðskilin hugtök. Kant var þeirrar skoðunar að fegurð tengdist kvenleika og krúttleika og taldi hann það vera hlutverk kvenna að hugsa aðeins fagrar hugsanir sem ekki hafa getu til að dómgreina og rökstyðja alvarlegar

<sup>43</sup> Sagmeister og Walsh, *Sagmeister & Walsh: Beauty*, 139-141

<sup>44</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, „Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar,“ *Hugur* 23, nr. 1 (2011): 89, sótt 16. október 2019, [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?gegnirId=001218203](http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=001218203)

umræður í samfélaginu.<sup>45</sup> Þar af leiðandi hefur fegurð gjarnan talin vera skraut á yfirborðinu tengd útlitsdýrkun og grunnhyggju en það má sjá skýrt og greinilega í langri sögu um kúgun kvenna. Dæmi eins og reyring fóta í Kína og þétt lífstykki evrópska kvenna voru notuð í nafni fegurðar þar sem fegurðarímyndir nýttust til þess að halda konum niðri. Enn er þetta viðloðandi í dag og vilja Sigríður og Guðbjörg meina að fegrunar- og lýtaaðgerðir séu einsskonar lífstykki samtímans.<sup>46</sup> Með þessum skilningi á fegurð getum við ef til vill betur túlkað af hverju Sagmeister og Walsh segja að nútímalistamenn og hönnuðir telji að verk þeirra og vinna hafi fegurð ekki að aðalmarkmiði.

Háleitar hugsanir um siðferði og samfélag voru síðan hlutverk karlmannsins. Samkvæmt skilgreiningu Kants er hið háleita kraftmikil upplifun fjarlægjar vitundar. Háleit hugsun á að geta upphafið sjálfið og staðsett það á æðri stall heldur en viðfangið sjálft. Bent er á órjúfanleg tengsl okkar við náttúruna og hversu háð afli hennar við erum. Samkvæmt Kant eigum við að geta rofið þessi tengsl og tekið stjórn á þessum öflum með rökhugsun okkar.<sup>47</sup> Feminíski heimspekingurinn Bonnie Mann hefur mikið rannsakað þetta tvenndarpar og af hverju tvíhyggja hefur einkennt umræðu þeirra. Hún er mótfallin hugmyndum Kants um hið háleita þar sem þær byggjast á því að slíta tengslin á milli okkar og náttúrunnar, að við séum aðskilin okkar eigin vitund og því náum við að stjórna viðföngum okkar. Mann vill ekki aðskilja þessi tvö hugtök heldur segir hún að þau tengist frekar hvort öðru og renni saman í eitt á því merka augnabliki þegar fegurðarupplifunin verður kraftmikil, mikilfengleg og dulúðug. Hin háleita upplifun skapar sterk tengsl á milli vitundar og viðfangs og setur okkur í snertingu við hið háleita vekur upp ótta þar sem við verðum fyrir uppgötvun á okkar eigin stjórnleysi og vanmætti í tengslum við öfl móður náttúru.<sup>48</sup>

### 3.2. Fegurð í auga sjáandans og gagnrýni á hlutlæga fegurð

Guðbjörg og Sigríður taka undir með Sagmeister og Walsh en á sama tíma má finna gagnrýna sýn á einfalda hluthyggju um fegurð. Hvað er átt við með því þegar viðfangi er lýst sem fögru? Hver sem er mun segjast vita vel hvað fegurð er þar sem við notumst við þetta hugtak í daglegu tali. Í vestrænni menningu er fegurð gjarnan talin vera huglæg og

<sup>45</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, „Háleit fegurð,“ *Hugur* 22, nr. 1 (2010) 79-80, sótt 16. október 2019, [https://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?gegnirId=001173034](https://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=001173034)

<sup>46</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, „Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar,“ 93

<sup>47</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, „Háleit fegurð,“ 79-80

<sup>48</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, „Háleit fegurð,“ 81-82

einstaklingsbundin og því ekki marktæk í mikilvægum ákvörðunartökum eins og að vernda náttúrusvæði eða gamlar byggingar.<sup>49</sup>

Þær Guðbjörg og Sigríður benda á að ef að fegurð væri einungis afstæð og í auga sjáandans væri merkingarlaust að ræða um hana og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvort viðfang sé fallett eða ekki.<sup>50</sup> Í ritgerð Guðbjargar: „Háleit fegurð“ kemur fram að tvískipting huglægni og hlutlægni, vitundar og viðfangs, hugar og líkama er allsráðandi í fegurðarhugtakinu í hinum hefðbundna vestræna skilningi. Fram kemur einnig að fegurð sé skilgreint sem tengslahugtak og þess vegna muni tvíhyggjan leiða af sér hættulegan lifnaðarhátt þar sem fólk er aðskilið frá náttúrunni og hvort öðru.<sup>51</sup>

En hvar liggur fegurðin ef hvorki í hlutlægni né huglægni? Byr hún í báðum þessum hugtökum? Heimspekingar hafa lengi reynt að útskýra þetta og telja þeir margir að fegurðin dvelji í bæði hlutlægni og huglægni. Hér er litið til skrifa dr. Galen Johnson, heimspekiprófessors, en hann endurhugsar og enduruppötvar fegurðarhugtakið með stuðning í fyrirbærafræði Maurice Merleau Ponty. Johnson telur að upplifun okkar á fegurð liggja á staðnum á milli þessara tveggja hugtaka sem kallast *samhuglægni*. Fegurðina má því skilja sem tengsl á milli vitundar og viðfangs, sjálfs og heims, manna og dýra, hugar og líkama.<sup>52</sup> Sú reynsla sem á sér stað í þessum tengslum nefnir Johnson fegurðarþrá. Í stað þess að finna fyrir neikvæðri löngun til að eignast og stjórna viðfanginu þá víkjum við til hliðar og skynjum viðfangið og mætum því sem hreinu viðfangi eða “það sjálft”. Þess vegna felst fegurðin ekki einungis í forminu heldur hvernig við mætum forminu sjálfu. Hægt er að líkja þessari þrá við ástarþrá á annarri manneskju. Sú þrá felur í sér umhyggju til að vernda og opna sig fyrir viðfanginu og um leið afhjúpum við tengsl á milli vitundar og viðfangs.<sup>53</sup> Í beinu framhaldi af þessu finnum við fyrir ákveðinni *af-miðjun* sjálfsins þar sem við hættum að vera miðpunktur heimsins og upplifum okkur í staðinn sem hluta af stærri heild. Við fáum aðra sýn á heiminn og okkur sjálf.<sup>54</sup> Það má því segja að fegurðin sé

<sup>49</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, „Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar,“ 90

<sup>50</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, „Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar,“ 90

<sup>51</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, „Háleit fegurð,“ 71-72

<sup>52</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, „Háleit fegurð,“ 71-72

<sup>53</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, „Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar,“ 95-96

<sup>54</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, „Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar,“ 96-97

með þessum hætti að næra sálina okkar og við finnum okkur knúin til að endurgjalda þessa næringu með því að deila upplifuninni með öðrum og halda þannig fegurðaraugnablikinu á lífi. Ástæðan fyrir því að fegurðarferlið virkar er að við leitum að fegurð í öllu í heiminum og reynum því að upplifa þessa reynslu aftur og aftur. Með því verður fegurðarskynið að hæfileika sem mótast og þróast með reynslunni.<sup>55</sup>

Líkt og Sagmeister og Walsh eru Guðbjörg og Sigríður á því máli að fegurð í uppeldi og samfélagi þrói með okkur dýpri siðferðisvitund og auki lífsgæði okkar. Á sama tíma og fegurðin skapar vellíðan þá gerir hún okkur mennsk og hjálpar okkur að skilja hvað það er að vera mannvera sem tengist umhverfi sínu og öðrum tengslaverum.<sup>56</sup> En hvernig getum við endurheimt þennan mikilvæga fegurðarskilning? Guðbjörg segir að lyfta þurfi fegurðinni og umræðu hennar á herra plan þar sem hún er ekki bara lúxus sem fólk má veita sér þegar grunnþörfum okkar hefur verið fullnægt.<sup>57</sup>

### **3.3. Fegurðarhugtakið í verufræðilegum skilningi**

Til að skilja betur staðsetningu fegurðar á milli vitundar og viðfangs, kafar Guðbjörg enn dýpra og skoðar fegurðarhugtakið út frá verufræði Merleau-Ponty. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að heiminum sé ekki einfaldlega hægt að skipta niður í aðskilin hólf. Líkami okkar tilheyrir ekki hólfínu sem kallast heimur og sjónin okkar tilheyrir ekki hólfínu sem kallast líkami. Margir vilja setja mörk á milli líkama okkar og heimsins en þau eru í raun merkingarlaus þar sem við erum öll hvort eð er sama holdið. Líkaminn tilheyrir bæði vitund og viðfangi, annars vegar er líkaminn hlutur meðal hluta og hins vegar sér hann hlutina og snertir þá. Í gegnum líkamann er okkur veittur aðgangur að skynjun veruleikans og á sama tíma hefur veruleikinn áhrif á skilningarvit okkar og mótar sýn þeirra. Við erum tengslaverur sem skynjum og sjáum vegna þess að við erum partur af hinum holdlega heimi. Það sem gerist á milli okkar og heimsins, þegar við skynjum hann, má líkja sterklega við listmálara sem túlkar sína eigin skynjun í formi málverks og því samanstandur málverkið af hans eigin veruleika og skynjun. Merking veruleikans verður

<sup>55</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, „Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar,“ 95

<sup>56</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, „Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar,“ 98

<sup>57</sup> „Hættum að líta á fegurð sem lúxus,“ Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 19. október 2018, <https://www.ruv.is/frett/haettum-ad-lita-a-fegurd-sem-luxus>.

því til í flæðinu á milli okkar og samveruleikans sem við deilum með öðrum. Þess vegna mun mynd málarans sýna aðeins eina af óteljandi hliðum veruleikans.<sup>58</sup>

Í stuttu máli kýs ég að túlka þessar kenningar Pontys sem ákall og eftirspurn um að samfélagið meðhöndli fegurð og fjölbreytni hennar með virðingu og umhyggju þar sem við erum öll hold og verur á jöfnum grundvelli. Mannkynið er ekki óstöðvandi í sinni eigin þróuðu vitund sem er yfir alla hafin. Við erum hlutur meðal hluta í heiminum en högum okkur gjarnan eins og við séum æðri verur sem höfum eignað okkur heiminn.

### Lokaorð

Eins og kom fram í ritgerðinni er margt sem má gagnrýna þegar kemur að skoðunum Sagmeister og Walsh á fegurð. Þau telja fegurð vera mælanlega með ákveðnum stöðlum og lögmálum en annars vegar gefa þau okkur fremur ósannfærandi dæmi um það með því að leggja of mikla áherslu á Instagram kannanir sínar. Einnig eru sum dæmin sem þau taka, mjög svo lituð af þeirra persónulegu skoðunum. Þrátt fyrir þetta standa þau sig vel í að skoða fegurðarhugtakið út frá sviðum sálfræðinnar, heimspeki, hönnunar, listgreina og arkitektúr. Þannig ná þau góðri heildarsýn yfir það hvernig fegurð gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki sem virkni í nútímasamfélagi.

Ég tek sterklega undir þeirri skoðun að móðernisminn hafi haft neikvæðar afleiðingar á samfélag okkar í dag en viðurkenni þó fúslega að einnig hafi hann leitt af sér jákvæðar og brautryðjandi breytingar. Einsleitni efnahagshyggju móðernismans má sjá ríkja sterkt í íslenskum nýbyggingum og þó að sjá megi framkvæmdir á hverju horni í miðbæ Reykjavíkur í dag, rís alltaf upp sami móðerníski, persónudauði ferhyrningurinn á fætur öðrum. Sagmeister sagði að fyrir hverja fállega móðerníska byggingu séu til hundrað ljótar. Það er enginn borgarþúi að búast við því að Reykjavíkurborg rísi upp háhýsi í stíl forngrikkja með barokkívaði en mikilvægt er að horfa til fjölbreytileikans þó ekki væri nema í ögn meiri litadýrð eins og gjarnan má sjá í gamla vesturbænum og Þingholtunum. Það er ástæða fyrir því að ferðamönnum þykir gaman að röltu þar um og íslenskir listamenn, með sterka fagurfræðilega skynjun, flykkjast þar að til að eignast aðsetur.

Þegar Sagmeister talar um að fegurð hafi verið gildislækkuð í byrjun tuttugustu aldarinnar þá færir hann þau rök fyrir því með því að segja að almenningur hafi einfaldlega fengið nóg af fegurð. Þessa ályktun dregur hann út frá þeim áhrifum sem Adolf Loos hafði

<sup>58</sup> Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, „Háleit fegurð,“ 94-96

á samélagið en honum var vissulega ofboðið af fegurðinni. Sigríður og Guðbjörg telja að gildislækkun fegurðar hafi byrjað vegna tengingu hennar við lítilslækkun og kúgun kvenna. Þau rök sem þær gefa eru, fyrir mér, mun meira sannfærandi en þau fyrrnefndu. Það er ef til vill vegna þess hve mikið ég hef lært að tengja fegurð við útlit kvenna og að stór partur af hlutverki mínu í samfélaginu væri að viðhalda útliti mínu út frá staðlaðri ímynd kvenna. Miðlar sýndu mér að konan myndi öðlast æðri sess í samfélaginu ef hún liti út eins og fyrrsætan í tímaritinu. Þessi útlitslega og yfirborðskennnda tenging mín við fegurð hefur vissulega litað það hvernig ég hef horft neikvæðum augum á hugtakið sjálft.

Eftir að hafa rannsakað bæði sjónarhorn þá er mín eigin niðurstaða sú að fegurð sé svo sannarlega ekki í auga sjáandans. Hún er miklu meira en bara það. Fegurðarupplifunin eins og Guðbjörg og Sigríður lýsa, ríkir sterk í hverjum og einum einstakling og leggur hún grunn fyrir fjölbreytileika og einlæga skynjun mannsins. Hver og ein manneskja getur því þróað með sér sína eigin fagurfræðilegu skoðun í fegurðarupplifuninni sem ég myndi skilgreina sem persónulegur smekkur. Fólk er eins misjafnt og það er margt og þess vegna laðast sumir meira að móðernisma fremur en avant-garde, dökkhærðum fremur en ljóshærðum, rauðum fremur en bláum o.s.frv. Fegurðarupplifunin hjálpar okkur að tengjast og skynja heiminn á fullnægjandi hátt. Við þurfum að endurskilgreina fegurðarhugtakið og leggja mun meiri áherslu að fegurðin búi í fjölbreytileikanum.



## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir:

Loos, Adolf/Opel, Adolf. *Ornament and Crime: Selected essays*. Ritstj. Adolf Opel. 37 bindi. California: Ariadne Press, 1988.

Sagmeister, Stefan og Walsh, Jessica. *Sagmeister & Walsh: Beauty*. London: Phaidon Press Limited, 2018.

### Vefheimildir:

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. „Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar.“ *Hugur* 23, nr. 1 (2011): Sótt 16. október 2019, [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?gegnirId=001218203](http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=001218203)

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. „Háleit fegurð.“ *Hugur* 22. árgangur, 1. tölublað (2010) Sótt 24. október 2019, [https://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?gegnirId=001173034](https://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=001173034).

Moma safnið. „Stefan Sagmeister. AIGA Detroit. 1999,“ Sótt 10. nóvember 2019, [https://www.moma.org/collection/works/102915?classifications=any&date\\_begin=Pre-1850&date\\_end=2019&locale=en&page=1&q=sagmeister&with\\_images=1](https://www.moma.org/collection/works/102915?classifications=any&date_begin=Pre-1850&date_end=2019&locale=en&page=1&q=sagmeister&with_images=1)

Martin, Gary. „The meaning and origin of the expression: Beauty is in the eye of the beholder.“ Sótt 10. nóvember 2019. <https://www.phrases.org.uk/meanings/beauty-is-in-the-eye-of-the-beholder.html>.

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. „Hættum að líta á fegurð sem lúxus.“ Sótt 18. október 2019. <https://www.ruv.is/frett/haettum-ad-lita-a-fegurd-sem-luxus>.

Sagmeister, Stefan og Jessica Walsh. „About,“ Sótt 10. nóvember 2019, <https://sagmeisterwalsh.com/about/>

### Annað:

Sagmeister, Stefan. „Why beauty matters.“ Fyrirlestur fluttur í Museo Tamayo, Mexíkóborg, nóvember 2016.

Sagmeister, Stefan. „Beauty vs. utility“ Fyrirlestur fluttur á INK2012 ráðstefnunni í Pune, Indlandi, 11-14 október 2012.

## Myndaskrá

Mynd 1:

*Poster, Stefan Sagmeister, Aiga Program, Detroit, 1999.* Sótt 14. nóvember 2019 á <https://collection.cooperhewitt.org/objects/18689717/>

Mynd 2:

*Clovis points from various North American sites. Top row, left to right: Dent, Colorado; Kimmswich, Missouri; Paleo Crossing, Ohio. Bottom row, left to right: Blackwater Draw, New Mexico; Carson-Conn-Short, Tennessee (photo courtesy of Ashley Smallwood Smallwood, A.M. Clovis technology and settlement in the American Southeast: using biface analysis to evaluate dispersal models. Am. Antiquity 77, 689–713 (2012) Bull Brook, Massachusetts; Vail Maine.* Sótt 13. nóvember 2019 á [https://www.researchgate.net/figure/Clovis-points-from-various-North-American-sites-Top-row-left-to-right-Dent-Colorado\\_fig1\\_315324666](https://www.researchgate.net/figure/Clovis-points-from-various-North-American-sites-Top-row-left-to-right-Dent-Colorado_fig1_315324666)

Mynd 3:

*Án titils.* Sótt 16. október 2019 á <https://sagmeisterwalsh.com/work/all/beauty/>

Mynd 4:

*Innan skynjunarrýmsins.* JPG. Ljósmynd tekin af höfundi ritgerðar

Mynd 5:

*Litaherbergið þakið köflóttu munstri.* JPG. Ljósmynd tekin af höfundi ritgerðar

Mynd 6:

*Litaherbergið einleitt.* JPG. Ljósmynd tekin af höfundi ritgerðar

Mynd 7:

*Tide Plus Regular 4 kg Washing Powder.* Sótt 16. október á <https://www.flipkart.com/tide-plus-regular-4-kg-washing-powder/p/itm1bdebf748c396>

Mynd 8:

*Omo Multiactive Detergent Powder.* Sótt 16. október á <https://yaoota.com/en-ng/product/omo-multiactive-detergent-powder-price-from-jumia-nigeria>

Mynd 9:

*Mr White 3.25 KG.* Sótt 16. október á <http://baniyababu.com/product/detergents/mr-white-3-25-kg/>

Mynd 10:

*Skip Intelligent Washing Powder 3Kg.* Sótt 16. október á [https://www.woolworths.co.za/prod/Food/Household/Household-Cleaning/Washing-Powder-Detergents/Washing-Powder-Detergent/Skip-Intelligent-Washing-Powder-3Kg/\\_/A-6001085126436](https://www.woolworths.co.za/prod/Food/Household/Household-Cleaning/Washing-Powder-Detergents/Washing-Powder-Detergent/Skip-Intelligent-Washing-Powder-3Kg/_/A-6001085126436)

Mynd 11:

*Surf Excel Easy Wash*. Sótt 16. október á <https://www.indiamart.com/proddetail/surf-excel-easy-wash-16572838612.html>

Mynd 12:

*Ariel Automatic Washing Detergent Powdeer – 2kg (box/4pcs)*. Sótt 16. október á <https://www.bayzon.com/product/ariel-automatic-washing-detergent-powder-2kg-box4pcs>

Mynd 13:

*Án titils*. Sótt 15. október á <https://popwed.co/alternative-brooklyn-wedding-photography-kj/>

Mynd 14:

*A neglected underpass below the Brooklyn-Queens Expressway, since decorated by Sagmeister & Walsh with the word YES on either side, being used by newlyweds as a backdrop for wedding photos. Picture credit: © Pop! Wed Co.* Sótt 15. október á <https://uk.phaidon.com/agenda/design/articles/2018/september/05/sagmeister-and-walsh-want-to-bring-back-beauty/>

Mynd 15:

© 2013 Artists Rights Society (ARS), New York / ADAGP, Paris / F.L.C. Sótt 15. október á <https://www.businessinsider.com/le-corbusiers-plan-voisin-for-paris-2013-7?r=US&IR=T>

Mynd 16:

*U-Banhof Giesing München*. Sótt 13. Október á <https://www.stadtmagazin-muenchen24.de/muenchen-in-handy-vertieft-und-auf-u-bahngleis-gestuerzt-22795>

Mynd 17:

*Moscow Metro – The Most Beautiful Metro Stations in The World*. Sótt 13. Október á <https://remotegaijin.com/moscow-metro-the-most-beautiful-metro-stations-in-the-world/>